

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 1155/2013 um styrki vegna hjálpartækja.

1. gr.

Í stað orðanna „úrskurðarnefndar almannatrygginga“ í 1. og 2. mgr. 12. gr. kemur: úrskurðarnefndar velferðarmála.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fylgiskjalinu „Hjálpartæki Sjúkratrygginga Íslands“ með reglugerðinni:

Flokkur 0419 Hjálpartæki til lyfjaskömmunar orðast svo:

Hjálpartæki til lyfjaskömmunar (sprautubúnaður) eru greidd vegna langvinnra alvarlegra sjúkdóma, s.s. sykursýki, krabbameins og parkinsonsjúkdóms. Greitt er 90% fyrir einnota sprautur, nálar og blóðhnífa. Almennt er greitt fyrir two lyfjapenna á ári. Hjá þeim sem nota bæði hraðverkandi og langverkandi insúlin má þó greiða fyrir fjóra lyfjapenna á ári.

Fyrir einnota blóðhnífa er greitt fyrir:

- a) Blóðhnífa fyrir þá sem nota blóðstrimla til að fylgjast með blóðsykri.
- b) 200/750 stk. á 12 mánaða tímabili fyrir þá sem nota nema sem skannar/síritar blóðsykur og fá 200/750 stk. blóðstrimla á sama tímabili.
- c) 1.100 stk. á 12 mánaða tímabili fyrir þá sem eru með sykursýki II og fá 1.100 stk. blóðstrimla á sama tímabili.
- d) 150/50 stk. á 12 mánaða tímabili fyrir þá sem eru með sykursýki II og fá 150/50 stk. blóðstrimla á sama tímabili.

Hjálpartæki til nákvæmra mælinga á lyfi þegar um mjög nákvæmt magn er að ræða sem ekki er hægt að fá vigtaldir hjá seljanda. Um er að ræða lyf sem tekin eru um munn eða með sprautu. Einnota endaþarmsrör vegna lyfjagjafar eru veitt á grundvelli innkaupaheimildar til eins eða fimm ára í senn.

Veitt er innkaupaheimild fyrir samþykktum vörum.

- | | |
|----------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 04 19 04 | Hjálpartæki til nákvæmra mælinga á lyfjum 90% |
| 04 19 06 | Nálabyssur 90% |
| 04 19 09 | Sprautur, einnota 90% |
| 04 19 12 | Blóðhnífar, einnota 90%, sjá framangreint |
| 04 19 15 | Einnota nálar 90% |
| 04 19 91 | Lyfjapennar 90%, sjá framangreint |
| 04 19 92 | Einnota endaþarmsrör til lyfjagjafa 100% |
| 04 19 24 | Dæla vegna gjafar lyfs eða næringar í æð (útvortis) 100% |
| 04 19 96 | Fylgihlutir með dælu vegna gjafar lyfs eða næringar í æð (útvortis) s.s. lyfjahylki, slöngur, nálar, fjarstýringar 95% |

Flokkur 0424 Búnaður (tæki og efni) til mælinga (efnamælinga) orðast svo:

Einnota rannsóknarbúnaður er greiddur 90%, þó með hámarki, fyrir efni til blóðsykursmælinga (blóðstrimla) og blóðsykursmæla. Eftirtaldir sjúkratryggðir einstaklingar eiga rétt á greiðslubáttöku í blóðstrimlum og nemum sem skanna/sírita blóðsykur:

- a) Þeir sem eru með sykursýki I og nota blóðstrimla til að fylgjast með blóðsykri geta fengið blóðstrimla sem miðast við mælingar að minnsta kosti fjórum sinnum á dag eða 1.500 blóðstrimla á tólf mánaða tímabili (30 pakkningar).
- b) Þeir sem eru með sykursýki I og nota nema sem skannar/síritar blóðsykur geta fengið að hámarki 200/750 blóðstrimla á tólf mánaða tímabili (4/15 pakkningar). Auk þess getur þessi hópur fengið tiltekinn fjölda nema á tólf mánaða tímabili samkvæmt gagnreyndum viðmiðum.
- c) Þeir sem eru með sykursýki II og nota insúlin eða insúlin og lyf í töfluformi sem geta valdið blóðsykursfalli eða eru með meðgöngusykursýki geta fengið að hámarki 1.100 blóðstrimla á

tólf mánaða tímabili (22 pakkningar) eða fengið nema sem skannar/síritar blóðsykur og þá gildir reglan, sbr. b) lið.

- d) Þeir sem eru með sykursýki II og nota lyf í töfluformi sem geta valdið blóðsykursfalli og þeir sem nota lyf í töfluformi sem ekki valda blóðsykursfalli en vegna læknisfræðilegra röksemda þurfa að mæla blóðsykur geta fengið að hámarki 50 blóðstrimla á tólf mánaða tímabili (eina pakkningu). Á fyrsta ári eftir greiningu geta þeir þó fengið að hámarki 150 blóðstrimla á tólf mánaða tímabili (þrjár pakkningar).

Blóðstrimlar samkvæmt framangreindu eru samþykktir 90% og er hámarksgræiðsla fyrir pakkningu (50 stk.) 6.500 kr. Mælar til blóðsykursmælinga eru greiddir 50%, hámark 11.600 kr. Blóðsykursmælar eru að jafnaði greiddir á þriggja ára fresti en vegna notkunar á nema sem skannar/síritar blóðsykur á tveggja ára fresti. Blóðstrimlar til blóðketónmælinga eru samþykktir 90% hámark 100 stk. á 12 mánaða tímabili (tvær pakkningar), 12.500 kr. fyrir pakkningu.

Veitt er innkaupaheimild fyrir samþykktum einnota vörum.

- 04 24 03 Efni til þvagmælinga (þvagstrimlar) 90%
- 04 24 12 Efni til blóðsykursmælinga (blóðstrimlar) 90% m/ákveðnu hámarki, sbr. framangreint
- 04 24 90 Mælar til blóðsykursmælinga 50% m/ákveðnu hámarki, sbr. framangreint
- 04 24 91 Mælitæki til serum kalsíum mælinga vegna alvarlegs nýrnasjúkdóms 100% (samkvæmt verðkönnun hverju sinni)
- 04 24 92 Efni til serum kalsíum mælinga vegna alvarlegs nýrnasjúkdóms 100% (samkvæmt verðkönnun hverju sinni)
- 04 24 94 Mælitæki til blóðstorkumælinga (INR gildi) 100% þó greiðir umsækjandi upphæð til samræmis við upphæð umsækjenda í blóðsykursmæli
- 04 24 95 Efni til blóðstorkumælinga 100% (miðað er við hámarksgræiðslu einu sinni í viku og því samþykkt 1pakki (með 24 stk.) á 24 vikna fresti)
- 04 24 96 Efni til blóðketónmælinga (blóðstrimlar) 90% m/ákveðnu hámarki, sbr. framangreint
- 04 24 97 Nemar sem skanna/sírita blóðsykur 95%, sbr. framangreint

Í floknum 0603 *Hryggspelkur* verður eftirfarandi breyting:

2. málsl. 1. mgr. fellur brott.

Í floknum 0612 *Spelkur fyrir neðri útlimi* verður eftirfarandi breyting:

- a. 3. mgr. orðast svo: Sjúkratryggingum Íslands er heimilt að greiða fyrir mest tvö pör af framleistaspelkum (innleggjum) á ári. Helstu tilefni fyrir greiðsluþáttöku í framleistaspelkum eru: eftirméðferð vegna klumbufótar, slæmt hælbrot (t.d. útflettur Böhlersvinkill), alvarlega afлагаðir fætur, afleiðingar liðagigtar (RA), afleiðingar sykursýki, afleiðingar meðfæddra galla í fótum, afleiðingar vegna taugasjúkdóma og eða vegna dreyrasýki.
- b. Við 5. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Að öllu jöfnu er ekki greiddur styrkur vegna innleggi fyrir börn með lina ökkla (ligamentum laxorum).

Í floknum 0633 *Bæklunarskór* verður eftirfarandi breyting:

- a. Flokkur 1. Ekki greitt af Sjúkratryggingum Íslands (litlar aflaganir) orðast svo:
Dæmi: ef ekkert er sagt í umsókn um fæturna sjálfa, tábergssig, plattfótur (lig. laxorum), pes plano valgus, breiðir fætur, hælspori, hallux valgus, lig. laxorum art. talocrur. et subtalaris, torsio tibia, genu recurvatum, exem á fótum og ofnæmi (t.d. nikkel). Þetta á sérstaklega við ef fyrrgreind atriði standa ein sér.
- b. Flokkur 2. Sjúkratryggingar Íslands greiða fyrir tilbúna bæklunarskó (verulega aflaganir) orðast svo:
Dæmi: metatarsus varus og valgus (pes abd./add.), pes cavus, klumbufótur. Ef um er að ræða pes plano valgus með skriði í ökkla þá er að jafnaði einungis greitt fyrir innlegg, annars þarf að liggja fyrir mat á að innlegg nægi ekki. Ef um er að ræða lömun í fótum eða aflögun liða við ástig með afstöðubreytingu milli beina sem leiðir til breytingar á göngulagi þá er heimilt að greiða fyrir tilbúna bæklunarskó. Einnig ef um er að ræða alvarlegar afleiðingar sykursýki.

Nr. 1148

11. desember 2019

- c. Við 06 33 90 bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hægt er að veita undanþágu um lægri hækkun fyrir börn.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 26. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2020.

Heilbrigðisráðuneytinu, 11. desember 2019.

Svandís Svavarsdóttir.

Elsa B. Friðfinnsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 17. desember 2019